



Keppnisreglur

1.

Mótið samanstendur af fimm umferðum sem leiknar eru samkvæmt svokölluðu Schenkel-kerfi, auk úrslitaleikja um verðlaun. Dregið er til fyrstu umferðar (A-B, C-D o.s.frv.) en eftir hverja umferð er liðunum raðað eftir stigum (síðan unnum umferðum, þá skorudum steinum). Tvö stig fást fyrir sigur, eitt fyrir jafntefli. Í hverri umferð er leitast við að raða saman í leiki þannig að lið leiki gegn andstæðingi sem er sem næst því í röðinni eftir því sem kostur er. Lið leikur ekki tvisvar gegn sama andstæðingi (úrslitaleikir frátaldir).

2.

Eftir að öll liðin hafa leikið þrjá leiki er þeim skipt í tvær deildir, A og B, með 6 liðum í hvorri deild og leika eftir það tvo leiki við lið innan sinnar deildar. Að því loknu leika tvö efstu liðin í A-deild um gullverðlaun, tvö þau næstu um bronsverðlaun og tvö efstu liðin í B-flokki um sigur í B-deild. Ef forsendur fyrir röðun liða (stig, unnar umferðir, skoraðir steinar) duga ekki til að ákvarða hvaða lið leika til úrslita um verðlaun skal fara fram skotkeppni milli viðkomandi liða. Þar renna fjórir úr hvoru liði til skiptis steini að miðju hringi. Fjarlægð frá miðju hringi að steini er mæld og lögð saman fyrir allt liðið. Það lið sem þannig fær lægri samtölu telst ofar í röðinni.

3.

Í almennu keppninni skulu leiknar 7 umferðir í öllum leikjunum (EKKI heimilt að gefa leik). Til viðmiðunar er klukkan í Skautahöllinni stillt á 105 mínútur við upphaf leiks og telur niður. Ef bæði lið spila á eðlilegum hraða ætti leik að vera lokið áður en tíminn rennur út. Almenn viðmið er að ekki taki lengri tíma en 15 mínútur að meðaltali að leika hverja umferð, þ.e. að hvort lið um sig hafi að meðaltali 7,5 mínútur til umhugsunar og leiks. Krullufólk er hvatt til að haga leik sínum þannig að ekki komi til óþarfa tafa (til dæmis ef leikmenn eru ekki tilbúnir að senda sinn stein þegar röðin kemur að þeim) og ekki sé tekinn óhóflega langur tími til umhugsunar. **Úrslitaleikir um sæti eru 8 umferðir (heimilt að gefa leik fyrir).**

4.

Hvert lið leikur tvo leiki á fimmtudegi (30. apríl), tvo leiki á föstudegi (1. maí) og einn á laugardegi (2. maí). Umferðir hefjast kl. 11.00, 14.30, 16.30 og 19.00 á fimmtudag, kl. 9.00, 11.30, 14.30 og 17.00 á föstudag og kl. 8.30 og 11.00 á laugardag. Úrslitaleikir hefjast kl. 14.00 á laugardag.

5.

Ef lið mætir ekki til leiks með minnst þrjá leikmenn þegar tíu mínútur eru liðnar á klukkunni telst það hafa tapað leiknum. Sigurlið fær þá skráð 2 stig, 4 umferðir og 4 steina.

6.

Að öðru leyti gilda reglur Alþjóða krullusambandsins, WCF, eftir því sem við á.